

**Nd.**

**248. Frumvarp til laga**

[132. mál]

um breyting á lögum nr. 31 frá 1970, um dýralækna.

Flm.: Tómas Árnason, Sverrir Hermannsson, Lúðvík Jósefsson.

**1. gr.**

Í stað 16. og 17. töluliða 2. gr. laganna (sbr. 1. gr. laga nr. 38/1972) komi þrír töluliðir, er hljóði svo, og breytast töluliðir greinarinnar samkv. því:

16. Austurlandsumdæmi nyrðra: Norður-Múlasýsla að undanteknum Skeggjastaðahreppi og Vopnafjarðahreppi, Seyðisfjörður, Neskaupstaður, Eskifjarðarkaupstaður og Suður-Múlasýsla að mörkum milli Skriðdalshrepps og Breiðdalshrepps og mörkum milli Reyðarfjarðahrepps og Fáskrúðsfjarðahrepps.
17. Austurlandsumdæmi syðra: Suður-Múlasýsla frá mörkum Reyðarfjarðahrepps og Fáskrúðsfjarðahrepps við ströndina og Skriðdalshrepps og Breiðdalshrepps inn á landinu annars vegar að mörkum milli Suður-Múlasýslu og Austur-Skaftafellssýslu hins vegar.
18. Austur-Skaftafellssýsluumdæmi: Austur-Skaftafellssýsla.

**Greinargerð.**

Austurlandsumdæmi er mjög viðáttumikið dýralæknisumdæmi. Það tekur yfir Fljótsdalshérað, Borgarfjörð, Víkur og Loðmundarfjörð, sem nú er að visu í eyði, Seyðisfjarðahrepp, Seyðisfjarðarkaupstað, Neskaupstað, Eskifjarðarkaupstað og alla hreppa Suður-Múlasýslu suður að Beruneshreppi. Eins og kunnugt er eru samgöngur, sérstaklega að vetrarlagi, erfiðar milli margra byggðarlaga á þessu svæði, enda er það viðáttumikið. Það er því mjög miklum vandkvæðum bundið fyrir einn dýralækni að þjóna öllu þessu svæði.

Svipað má segja um Austur-Skaftafellssýsluumdæmi. Vegalengdin frá Skaftafelli austur á Berufjarðarströnd að Streitishorni er samtals um 300 km (294). Lónsheiði er mikill farartálmi á veturnum og samgöngur að öðru leyti um svæðið oft á tíðum erfiðar.

Ástæða er til að ætla að meiri möguleikar verði á að fá fleiri dýralækna til starfa en verið hefur hingað til.

Það þykir því rétt að lögfesta nýja umdæmaskiptingu dýralækna í Austurlandskjördæmi og er frumvarp þetta flutt að ósk heimamanna og að höfðum samráðum við dýralækna í Austurlandskjördæmi.